



**127. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. júlí 2012 í í umhverfisráðuneytinu, Skuggasundi 1, Reykjavík**

**Mætt:** Guðríður Þorvarðardóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þorleifur Eiríksson og Þórólfur Halldórsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 125. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Fundargerð 126. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Vestfjarðavegur (60) Bjarkalundur-Melanes, kynning á drögum að tillögu að matsáætlun**

Vegagerðin hefur sent framanskráð drög og óskað eftir athugasemdum og ábendingum um eitthvað sem vantar eða mætti betur fara í drögum.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að halda eigi inni leið B1 ofan Teigsskógar á Hallsteinsnesi þar sem veglínu hefur verið hnikað til, þ.e. færð ofar í landið. Nefndin telur að leið D1 sem liggur yfir sjávarfitjar fyrir botni Djúpafjarðar og árósa Djúpadalsár hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif og hefur Breiðafjarðarnefnd áður gert alvarlegar athugasemdir við þá veglínu.

Tillaga Breiðafjarðarnefndar er sú að aðeins leiðir B1, H og I fari í mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin leggur áherslu á að vandað verði til verka m.t.t. örnefna sem er mikilvægur menningararfur og einnig að gera þurfi með samræmdari hætti grein fyrir jörðum á framkvæmdasvæðinu og áhrifa sem framkvæmdirnar kunna að hafa á starfsemi sem þar fer fram. Taka þarf fram hvaða jarðir eru enn í ábúð eða eru nýttar í tengslum við búskap.

**Tölvupóstur Ingveldar Eypórsdóttur, formanns Framfarafélags Flateyjar dags. 21. maí 2012**

Ingveldur Eypórsdóttir, formaður Framfarafélags Flateyjar skorar á Breiðafjarðarnefnd að beita sér fyrir könnun á þolmörkum Flateyjar vegna aukinnar umferðar ferðamanna.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að vísa eigi erindinu til Umhverfisstofnunar og Ferðamálastofu.



## **Tölvupóstur Kjartans Eggertssonar dags. 2. maí 2012**

Breiðafjarðarnefnd barst afrit af pósti Kjartans Eggertssonar til Fiskistofu þar sem verulegar athugasemdir eru gerðar við leyfi til kræklingaræktar í löndum Fremri-Langeyjar.

## **Fjármál Breiðafjarðarnefndar**

Pálmi lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála Breiðafjarðarnefndar 2012.

## **Önnur mál**

Þorleifur óskaði eftir sérstakri bókun varðandi húsið í Garpsdalsey sem hann telur vera eins áberandi og hægt er. Húsið fylgir engum íslenskum hefðum um byggingar í Breiðafirði. Það er úr ljósgulum víði í norskum stíl með lágu risi og verönd. Breiðafjarðarnefnd hafnaði byggingu hússins vegna stærðar sbr. ákvörðun á fundi nefndarinnar þann 11. mars 2010. Húsið er slæmt fordæmi um byggingar í Breiðafirði.

Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur hefur sent upplýsingar um fyrirhugað málþing um sögu Breiðafjarðar sem haldið verður á Hótel Stykkishólmi dagana 24.-25. ágúst næstkomandi. Að málþinginu stendur hópur fræðimanna sem eiga aðild að verkefninu „Saga Breiðafjarðar“ og er málþingið opið öllum.

Þórólfur vakti athygli á breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar vegna nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (134.gr.) Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélögin sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Svava Lóa Stefánsdóttir óskaði eftir upplýsingum um fjölda ferðamanna og tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustu á Breiðafjarðarsvæðinu. Svövu hefur verið vísað á að hafa samband við Ferðamálastofu, ferðamálafulltrúa sveitarfélaganna og ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu.

**Fundi var slitið kl. 13:30**